

Útgefendurnir hugsa sér því að taka trúmál til íhugunar í riti þessu, rannsaka þau eftir því sem kringumstæður leyfa, og að leitast fremur við að útskýra þau en fella á þau nokkurn dóm, en láta menn heldur dæma þar um fyrir sig sjálfa. Það er að anda og stefnu hinnar unitarisku kristindómsskoðunar, þeirrar einustu trúmálastefnu, er haldist hefir getað í hendur við mentalega og andlega framför síðastliðinnar aldar, þeirrar stefnu er vér Íslendingar höfum ósjálfrátt hneigst að, og er nú langt um útbreiddari á meðal vor, en orð er á gjört. Vér Íslendingar höfum til þessa verið alt of feimnir að meðganga þann sannleika; enda heyrt margar raddir hrópandi og heitandi á menn, að varast þau firm, að líða skipbrot á trú sinni. Vér erum sjómannanna og víkinga þjóð og kunnum því manna bezt að meta aðvaranir slíkar. En fæstum dylst þó, að betra sé „að setja“ og eiga það á hættu, að líða skipbrot, en láta skúturnar hvolfalt af kyrrar í naustinu, með því líka að það er ekki stór hættu á, að svo þyrfti að takast til. Það hefir aldrei verið minst á það af nokkrum manni, að vér höfum liðið bókmentalegt skipbrot, þjóðmálalegt eða hagfræðislegt, þótt vér höfum gjört einhverjar breytingar í þeim efnum, er oss máttu miða til gagns. Hví er þá hættan brýnni í trúmálastefnunni? Þá grillu óttast ekki útgefendurnir, og þeir ætla því „að setja“.

Með því að trúmál eru óaðskiljanleg öðrum málum, þá hafa útgefendurnir jafnframt hugsað sér að láta rit þetta flytja greinar fræðandi og skemtandi efnis um ýmisleg mál, eins og tekið er fram á boðsbréfinu.

Mörg eru þau kvæðin til, sem ekki eru minna fræðandi og skemtandi en langlokur ýmsar, er samdar eru. Í þeim felst vanalegast kjarni þess, sem hugsað er á einu eða öðru tímabili þjóðanna, og þótt fjöldi mörg þeirra íslenzku ljóða, er tíðast sjást nú á prenti, séu fremur „subectiv“ og tilkomulítil, þá eru þó menn, er komast út fyrir sitt eigið „Ég“ og það hér á meðal